

sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, pósti og vörur, á flugleiðinni Reykjavík—Suðureyri—Reykjavík, á tímabilinu frá 25. nóvember 1975 til 31. desember 1980.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 25. nóvember 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 360 28. júlí 1975, um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.**

### 1. gr.

Í stað orðanna „kr. 20.20 pr. líter“ í 2. mgr. a liðar 3. gr. komi orðin: 24.20 pr. líter.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 27. maí 1975 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að öðlast gildi frá 19. nóvember 1975 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. nóvember 1975.*

**F. h. r.**

**Þórður Ásgeirsson.**

*Arnmundur Backman.*

## REGLUGERÐ

**um gatnagerðargjöld í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.**

### 1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

### 2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að gera bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt.

### 3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á A-gjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir: